

Greinargerð og tillögur vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til Ísafjarðarbæjar



Starfshópur um yfirfærslu á
málefnum fatlaðra frá ríki til
sveitarfélaga

Ísafjarðarbær október 2010

Efnisyfirlit

Um verkefnið	4
Markmið tilfærslu þjónustu við fatlaða	4
Þjónustuþættir yfirfærslu	4
Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða.....	5
Þjónustusvæði – Eitt byggðasamlag á Vestfjörðum	6
Þjónusta við fatlaða í Ísafjarðarbæ	8
Starfseiningar og þjónusta Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Ísafjarðarbæ	8
Þjónusta sem Ísafjarðarbær veitir fötluðum auk allrar almennrar þjónustu	9
Starfshópur skipaður í Ísafjarðarbæ til að vinna að yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélagsins	11
Starfsmannamál	11
Fræðsla	12
Húsnæðismál.....	12
Fjármál	12
Ýmis mál	12
Nýtt skipurit fyrir Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar	13
Teymisþjónusta barna	15
Teymisþjónusta fullorðinna	16
Teymisþjónusta aldraða	17
Stöðugildi í félagsþjónustu, barnavernd og öldrunarþjónustu	18
Endurskilgreining á stöðu ráðgjafa	18
Nýtt stöðugildi félagsráðgjafa	18
Ráðgjöf barna.....	18
Ráðgjöf fullorðinna	20
Ráðgjafi í öldrunarmálum.....	21
Helstu niðurstöður vinnuhópa	22
Hópur 1. - Ýmis þjónusta (Heimaþjónusta, ferlimál, liðveisla og frekari liðveisla).	22
Hópur 2. - Ráðgjöf barna.....	22
Hópur 3. - Ráðgjöf fullorðinna	23
Hópur 4. - Búseta	23
Hópur 5. - Atvinnumál	23

Hópur 6. - Þjónusta við börn.....	24
Þroskaþjálfari í grunnskóla	25
Samstarf við önnur sveitarfélög.....	26
Eftirfylgni starfshóps	27
Niðurstöður vinnuhópa	28
Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun	33

Um verkefnið

Fyrirhugað er að færa þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Um er að ræða alla þá þjónustu sem og lagalega ábyrgð sem Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa sinnt fram til þessa í samræmi við viljayfirlýsingu sem undirrituð var af ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga þann 13. mars 2009. Er þetta viðamesta breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá því grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna árið 1996 en alls færast 10,7 milljarðar króna til sveitarfélaganna. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga varðar um 2.500 einstaklinga sem þurfa þjónustu vegna fötlunar sinnar og um 1.500 starfsmenn í rúmlega 1.000 stöðugildum sem annast þjónustuna.

Tilfærslunni er stjórnað sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum beggja aðila stýrir verkefninu, fjallar um greiningu kostnaðarþátta, samningagerð og tímasetningar vegna yfirfærslunnar. Með verkefnisstjórn starfa fagnefndir eftir þörfum.

Markmið með yfirfærslunni er að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð verði samþætt á hendi eins aðila og að stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa og efla félagsþjónustu sveitarfélaga. Enn fremur er markmiðið að styrkja sveitarstjórnarstigið og einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Lögð er áhersla á heildstæða yfirfærslu verkefna ásamt breytingu á tekjustofnum til að mæta auknum útgjöldum sveitarfélaga. Unnið er út frá þeirri viðmiðun að á hverju þjónustusvæði verði að lágmarki um átta þúsund íbúar og að þjónusta innan svæðisins verði veitt af einstökum sveitarfélögum, byggðasamlagi eða öðru formlegu samstarfi sveitarfélaga.

Markmið tilfærslu þjónustu við fatlaða er að:

- Bæta þjónustu og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.
- Tryggja að eitt stjórnsýslustig beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu, bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðarsviða/stjórnsýslustiga.
- Stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga.
- Styrkja sveitarstjórnarstigið.
- Einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þjónustubættir yfirfærslu

- Ráðgjöf.
- Stuðningsfjölskyldur.
- Skammtí mavistun.
- Leikfangasöfn (næstum óvirkt úrræði).
- Heimili fyrir börn.
- Hæfing.
- Verndaðir vinnustaðir.
- Sértek liðveisla (atvinna með stuðningi).
- Frekari liðveisla.
- Sambýli (þar með talin heimili rekin af einkaaðilum).
- Vistheimili og áfangastaðir.



Ríkið mun áfram bera ábyrgð á yfirstjórn málaflokksins og eftirliti með framkvæmd þjónustu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði áfram rekin af ríkinu enda er um að ræða starfsemi á landsvísi. Einnig geta verið rök fyrir aðskilnaði sérhæfðar greiningar og ákvörðunar um þjónustu. Auk ofangreindra viðfangsefna eru nokkrir þættir með takmarkað umfang sem ekki eru hluti kostnaðarmatsins. Má í þessu sambandi nefna starfsþjálfun fatlaðra og tölvumiðstöð fatlaðra.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða Þann 6. júlí síðastliðinn skrifuðu fjármálaráðherra, félags- og tryggingamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga undir samkomulag um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða. Samkomulagið felur í sér að útsvarshlutfall sveitarfélaga verður hækkað um 1,2% og tekjuskattshlutfall lækkað að sama skapi. Gert er ráð fyrir sérstökum framlögum á fjárlögum

vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sem verða 50 mkr. á árinu 2011, 100 mkr. á árinu 2012 og 150 mkr. árið 2013.

Unnið er að undirbúningi lagabreytinga og gerð heildarsamnings við sveitarfélögin en gert er ráð fyrir að heildarsamkomulag liggi fyrir á haustmánuðum. Í samningnum verða heildarmarkmið og forsendur yfirfærslunnar skilgreind auk þess sem tekið verður á stöðu og réttindum starfsmanna, fasteignamálum, jöfnunarmálum og notendastýrðri persónulegri aðstoð.

<i>Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi ársins 2010</i>	2011	2012³	2013³
Hækkun útsvars	9.670	10.000	10.200
Framlög á fjárlögum:	1.030	1.200	1.370
- þar af vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar	50	100	150
- þar af vegna biðlista	0	200	400
- þar af vegna breytingakostnaðar	200	120	40
- þar af vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins	780	780	780
Heildartekjur sveitarfélaga	10.700	11.200	11.570
Áætlaður vöxtur vergrar landsframleiðslu ¹	3,2%	3,4%	2,1%
Áætlaður útsvarsstofn ²	806.086	833.493	850.996
Útsvarshlutfall	1,2%	1,2%	1,2%

1. Samkvæmt þjóðhagspá Hagstofu Íslands frá 15. júní 2010.

2. Þróun útsvarsstofns er áætluð á grunni útsvarsstofns 2009 og spár um þróun vergrar landsframleiðslu.

3. Fjárhæðir útsvarstekna og þar með heildartekna árin 2012-13 eru óvissar og byggja á spá.

Þjónustusvæði – Eitt byggðasamlag á Vestfjörðum

Í viðauka 1 með viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga segir um þjónustusvæði:

Þjónustusvæði verða mynduð um rekstur þjónustu og er miðað við að þau hafi að lágmarki um átta þúsund íbúa. Ráðherra getur þó í undantekningartilfellum veitt undanþágu frá þessu viðmiði á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita alhliða þjónustu.


Þjónustusvæði mótast með samkomulagi sveitarfélaga en ríkið getur tekið ákvarðanir um mörk þeirra náist ekki samkomulag. Þjónusta innan svæðisins getur verið veitt af einstökum sveitarfélögum, byggðasamlagi eða með öðru formlegu samstarfi sveitarfélaga.

Fjórðungssamband Vestfjarða hefur farið með málið fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum og skipaði starfshóp til að vinna að undirbúningi á yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga á Vestfjörðum. Starfshópin skipa fulltrúar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum auk áheyrnarfulltrúa frá Svæðisráði um málefni fatlaðra á Vestfjörðum og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.

Niðurstaða starfshópsins var að leggja til við sveitarfélögin að stofnað yrði byggðasamlag með dreifðri þjónustu og hefur það verið samþykkt af öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum utan Bæjarhrepps. Byggðasamlag með dreifðri þjónustu felur í sér að sveitarfélög gera samning um þjónustusvæði og myndun byggðasamlags. Hins vegar takmarkast hlutverk byggðasamlagsins við gerð og eftirfylgni þjónustusamninga við aðildarsveitarfélögin sem sjá þá um að veita íbúum sínum þjónustu. Stjórn byggðasamlagsins er ábyrðaraðili samningsins um þjónustusvæðið og hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd hans.

Sótt var um undanþágu fyrir þjónustusvæðið Vestfirði vegna viðmiðs um lágmarksíbúafjölda þjónustusvæðis þar sem íbúafjöldi er tæplega 8000 manns. Verkefnisstjórn um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála hefur beint þeim tilmælum til félags- og tryggingarmálaráðherra, dags. 24. sept. 2010, að þjónustusvæði Vestfjarða verði veitt undanþága, á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, frá því viðmiði að þjónustusvæði skuli að lágmarki hafa 8000 íbúa.

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum fyrir árið 2010 er kr. 225.900.000,-.



Þjónusta við fatlaða í Ísafjarðarbæ

Í Ísafjarðarbæ eru 50 fatlaðir sem fá þjónustu, 20 börn og 30 fullorðnir. Annars vegar fá þeir þjónustu frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og hins vegar frá Ísafjarðarbæ.

Starfseiningar og þjónusta Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Ísafjarðarbæ:

- Fjögur heimili með sólarhringsþjónustu
- Hæfingarstöðin Hvesta
- Skammtímavistun fyrir börn og fullorðna
- Frekari liðveisla - stoðþjónusta við sjálfstæða búsetu
- Ráðgjafarþjónusta til fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra
- Ráðgjöf, samstarf og stuðningur við starfsmenn og þjónustustofnanir

Þjónusta við börn:

Í Ísafjarðarbæ eru 20 fötluð börn, þ.e. 1 barn á leikskólaldri, 18 börn á grunnskólaaldri og 1 einstaklingur eldri en 16 ára. Svæðisskrifstofa fatlaðra veitir ráðgjöf til barna og fjölskyldna þeirra og annarra þjónustuaðila. Aðstoðað er við ýmis sumarúrræði fyrir börn og unglinga og sótt er um umönnunargreiðslur fyrir börn og ýmis stuðningur aðstoð við að finna viðeigandi úrræði fyrir barnið og fjölskyldu þess. Almenn veitir Svæðisskrifstofa Vestfjarða ekki þjónustu fyrr en börnin eru komin með greiningu og ákveðinn umönnunargreiðsluflokk en á því eru undantekningar og þá er veitt ráðgjafarþjónusta í greiningarferlinu til foreldra og þjónustuaðila.

Skammtímavistun: Svæðisskrifstofa Vestfjarða rekur eina skammtímavistun á Vestfjörðum og er hún í Sindragötu 4 – 6. Skammtímavistunin er rekin allt árið og að jafnaði eru 4 börn og 2 fullorðnir sem nýta sér hana. Börn úr Ísafjarðarbæ koma daglega þar sem Svæðisskrifstofa og Ísafjarðarbær hafa gert með sér samkomulag um að börnin geti nýtt sér lengda viðveru í skammtímavistuninni.

Sumarúrræði: Svæðisskrifstofa Vestfjarða hefur aukið vistunartíma barna í skammtímavistun yfir sumartímann. Þetta er gert með ýmsum hætti og almennt eru tilboðin algjörlega einstaklingsmiðuð. Oft er liðveisla aukin til að sinna aukinni þörf yfir sumartímann og liðveisla fer með barninu á almenn leikjanámskeið ofl.

Stuðningsfjölskyldur: Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á stuðningsfjölskyldu og útvegar svæðisskrifstofan þær eftir þörfum. Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess. Barn getur dvalið hjá stuðningsfjölskyldu í 1 – 5 sólarhringa á mánuði. Á árinu 2009 voru 4 stuðningsfjölskyldur í Ísafjarðarbæ með samtals 6 sólarhringa í mánuði.

Þjónusta við fullorðna:

Svæðisskrifstofa Vestfjarða veitir ráðgjöf til fullorðinna fatlaðra og aðstandenda þeirra. Ráðgjafi er oft í samræmingarhlutverki milli kerfa og ýmissa þjónustustofnana. Hann virkjar þau kerfi sem þjónustubeginn óskar eftir, veitir málum eftirfylgd og samræmir þjónustu. Þjónustubörfin er mismikil en reiknað er með að allir njóti almennrar þjónustu sveitarfélaganna, s.s. félagslegrar ráðgjafar, félagslegrar heimaþjónustu o.þ.h. Sumum nægir þessi þjónusta en aðrir þurfa mjög mikla sérhæfða þjónustu, s.s. sólarhringsbúsetuþjónustu.

Hæfingarstöð: Svæðisskrifstofa Vestfjarða starfrækir Hæfingarstöðina Hvestu á Ísafirði. Þar starfa 13 starfsmenn með fötlun. Stöðugildi eru 4,9 við Hæfingarstöðina, forstöðumaður í 0.8 stöðugildi og leiðbeinendur í 4.1 stöðugildi. Skipting starfsmanna með fötlun eftir sveitarfélögum:

Ísafjarðarbær	10
Bolungarvík	1
Kaldrananeshreppur	1 (á meðan á skammtímavistunardvöl stendur)
Reykholahreppur	1 (á meðan á skammtímavistunardvöl stendur)

Hlutverk Hæfingarstöðvarinnar Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra og að þeir njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem starf hvers og eins miðast við getu viðkomandi og áhugasvið. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til að starfa og að taka þátt í daglegu lífi.

Frekari liðveisla er viðbótarþjónusta við þá lögbundnu almennu þjónustu sem fötluðum stendur til boða, svo sem félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun, og kemur einungis til álita hafi réttur til slíkrar þjónustu verið fullnýttur. Með frekari liðveislu er átt við aðstoð við fatlað fólk sem býr ekki á sambýli eða stofnun enda sé ljóst að hinn fatlaði þurfi á aðstoðinni að halda, m.a. til að komast hjá því að búa á sambýli eða stofnun.

Búseta – sólarhringsþjónusta: Það eru 7 einstaklinar sem nýta sér þessa þjónustu og búa þeir í 4 íbúðum á Ísafirði. Það eru 12,2 stöðugildi í búsetuþjónustunni á Ísafirði.

Heildarkostnaður Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Ísafjarðarbæ árið 2010 vegna:*

- Búsetu - sólarhringsþjónustu 77,4 m.kr.
- Hæfingarstöðin Hvesta 30 m.kr.
- Skammtímavistun 37,7 m.kr.
- Frekari liðveisla 22,8 m.kr. (með Bolungarvík)

Þjónusta sem Ísafjarðarbær veitir fötluðum auk allrar almennrar þjónustu:

- Liðveisla
- Félagsleg heimaþjónusta
- Ferðaþjónusta
- Skóladagvist - lengd viðvera (5–10 bekk)
- Tórstundastarf barna og ungmenna

Liðveisla: Ísafjarðarbær veitir börnum og fullorðnum liðveislu allt árið um kring. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Árið 2009 fengu 11 börn liðveislu og var fjöldi tíma að jafnaði 251 á mánuði. Er liðveisla barna oft aukin yfir sumartímamann. Þá fengu 17 fullorðnir liðveislu og var fjöldi tíma að jafnaði 148 á mánuði.

Félagsleg heimaþjónusta: 7 einstaklingar með fötlun hafa nýtt sér félagslega heimaþjónustu en hún er ætluð þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald og persónulega umhirðu. Félagslegri heimaþjónustu er ætlað að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst heima við sem eðlilegastar aðstæður.

Lengd viðvera: Sveitarfélagið býður upp á lengda viðveru fyrir skólabörn með fötlun. Með lengdri viðveru er átt við dægradvöl og umönnun sem veitt er fötluðum grunnskólabörnum eftir að skólastarfi lýkur og til kl. 17 hvern skóladag. Þjónustan fer fram í skammtímavistun hjá SVest. Sveitarfélagið er með starfsfólk í vinnu við lengda viðveru. Að auki hefur sveitarfélagið keypt þjónustu af Svest á sumrin til þess að veita fötluðum börnum þjónustu.

- Tveir menntaðir sérkennarar starfa á leikskólum Ísafjarðarbæjar, Eyrarskóli og Sólborg. Þeir sinna þjónustu við fötluð börn í leikskólum sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið býður upp á tómstundastarf fyrir fatlaða. Það felst m.a. í stuðningi í formi liðveislu sem veitt er inn á leikjanámskeið. Fullorðnir hafa aðgang að vinnustofum í sveitarfélaginu sem ætlaðar eru öryrkjum og öldruðum.
- Ferðapjónusta er í boði fyrir fólk með fötlun í sveitarfélaginu. Fjöldi notenda var 29 árið 2009.
- Enginn biðlisti er eftir þjónustu sem sveitarfélagið veitir fötluðum.

Heildarkostnaður Ísafjarðarbæjar vegna þjónustu við fatlaða árið 2009 var kr. 20,7 m.kr.*

Vegna liðveislu barna kr. 3,2 m.kr.**

Vegna liðveislu fullorðinna kr. 4,9 m.kr.

Vegna ferðapjónustu fatlaðra kr. 11,6 m.kr.-

Vegna félagslegrar heimaþjónustu kr. 1,0 m.kr.

*Kostnaður vegna yfirstjórnunar og ráðgjafar er ekki skilgreindur.

**Þarna vantar inn reikning vegna þjónustu í skammtímavistun sumarið 2009, hann var ekki greiddur fyrr en á þessu ári. Liðveisla barna árið 2009 hækkar því um kr. 700.000,-.

Starfshópur skipaður í Ísafjarðarbæ til að vinna að yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélagsins

Vinna við undirbúning yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til Ísafjarðarbæjar hófst fullum krafti í júní síðastliðnum þegar félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar skipaði starfshóp til að vinna að undirbúningi á yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Var skipan starfshópsins staðfest af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Hlutverk starfshópsins er að vera ráðgefandi fyrir félagsmálanefnd og bæjarstjórn um framtíðarstefnu Ísafjarðarbæjar um yfirtöku á málefnum fatlaðra og skipulagningu þess verkefnis innan stjórnýslu bæjarins. Var ákveðið að í starfshópnum ættu sæti tveir fulltrúar frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, tveir fulltrúar frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum og einn fulltrúi úr félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar. Óskaði Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum eftir því að eiga fulltrúa í starfshópnum og var það samþykkt.

Eftirtaldir eiga sæti í starfshópnum: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir formaður, Margrét Geirsdóttir forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu, Anna Valgerður Einarsdóttir starfsmaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu, Sóley Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum, Harpa Stefánsdóttir forstöðuþroskaþjálfari á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Auður Finnbogadóttir frá Styrktarfélagi fatlaðra á Vestfjörðum.

Fljótlega eftir að starfshópurinn var skipaður hélt formaður óformlegan fund með forstöðumanni SFS og framkvæmdastjóra SVest þar sem verkefnið var rætt og fyrsti fundur starfshópsins undirbúinn. Hann kom saman 13. júlí 2010 og hófst þá þegar vinna við að greina starfsemi SFS og SVest, s.s. skipurit, verkefni, fjölda notenda, starfslýsingar og stöðugildi. Þjónustuþættir hafa verið skilgreindir og snertifletir kortlagðir. Starfshópurinn hefur alls haldið sjö fundi þar sem unnið hefur verið að samþættingu þessara tveggja kerfa með það að markmiði að veita fötluðum sem besta þjónustu og nýta kosti nærsamfélagsins við flutning verkefnisins.

Starfshópurinn hefur rætt við ýmsa aðila vegna yfirfærslunnar, stundum til að afla sér upplýsinga en einnig til að gera aðvart um ýmsar breytingar sem strax hefur þurft að hefja vinnu við, s.s. fjármál og upplýsingagjöf. Þá hefur starfshópurinn rætt við fulltrúa frá FosVest, VerkVest og trúnaðarmann SFR um hagsmuni starfsmanna. Loks má nefna að skipaðir voru sex vinnuhópar til að fjalla um alla þjónustuþætti SFS og SVest. Líta má á niðurstöður þeirra sem grunninn að heildstæðri framtíðarstefnu í félagsþjónustu í Ísafjarðarbæ.

Starfsmannamál

SVest hefur markvisst komið á framfæri upplýsingum um yfirfærsluna til sinna starfsmanna. Hefur orðið vart við að sumir þeirra hafa áhyggjur af launakjörum og réttindum sínum, sérstaklega vegna óvissu með félagsaðild að SFR. Starfshópurinn fundaði með trúnaðarmanni SFR og forsvarsmönnum FosVest og VerkVest vegna þessa máls og varð niðurstaðan sú að FosVest og VerkVest munu boða til fundar innan tíðar þar sem starfsfólki verðu kynnt hvað félögin hafa að bjóða. Miðað við þær upplýsingar sem komu fram á fundi starfshópsins með þessum aðilum virðast þau standast samanburð við SFR.

Mikilvægt er að starfsfólk sé vel upplýst um yfirfærsluna og þær breytingar sem hún hefur í för með sér. Þegar bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun um stefnu vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra og skipulagningu þess verkefnis innan stjórnsýslu bæjarins, þá er nauðsynleg að hefjast þegar handa við kynningu og fræðslu meðal starfsmanna bæjarins og undirbúa þá fyrir flutning þjónustu við fatlaða til Ísafjarðarbæjar. Má þar nefna starfsmenn á Skóla- og fjölskylduskrifstofu, bæjarskrifstofum, grunnskólum, leikskólum o.fl. Jafnframt þarf að kynna málið fyrir starfsmönnum SVest. Starfshópurinn stefnir á að funda með starfsmönnum, kynna verkefnið og svara fyrirspurnum.

Fræðsla

Starfshópurinn telur mikilvægt að kynna yfirfærslu á málefnum fatlaðra eins vel og kostur er fyrir öllum íbúum bæjarins. Hefur verið óskað eftir því við upplýsingafulltrúa bæjarins að hann komi upp sérstöku svæði á heimasíðu Ísafjarðarbæjar þar sem finna má upplýsingar vegna yfirfærslunnar. Þá er fyrirhuguð útgáfa upplýsingabæklinga og greinarskrif í fjölmiðla.

Einstaklingsmiðaðir fundir verða haldnir með notendum og aðstandendum þar sem farið verður yfir þær breytingar sem verða við yfirfærsluna og undirbúning vegna þess. Þá verða haldnir kynningarfundir með hagsmunaaðilum og -samtökum.

Húsnæðismál

Starfshópurinn telur ákjósanlegast að öll starfsemi Skóla- og fjölskylduskrifstofu verði í sama rými í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Hafa ýmsir möguleikar verið skoðaðir í samráði við bæjarstjóra, bæjarritara og starfsfólk SFS og SVest. Leigusamningar eru í endurskoðun og ljóst að ýmsar breytingar munu verða í húsnæðismálum bæjarins í Stjórnsýsluhúsinu þótt endanleg niðurstaða liggi ekki enn fyrir. Þá þarf að huga að húsbúnaði og tölvum fyrir nýtt starfsfólk þar sem slíkt fylgir ekki við yfirfærsluna. Ríkiskaup mun sjá um sölu á eignum SVest og líklega verður hægt að kaupa tölvur og skrifstofuhúsgögn af þeim ef vilji er fyrir slíku. Gera þarf nýja leigusamninga vegna Hvestu, Hlíðarvegar og Sindragötu.

Fjármál

Við yfirfærsluna mun allt bókhald og laun SVest flytjast á fjármálasvið Ísafjarðarbæjar. Hafa fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar, framkvæmdastjóri SVest og skrifstofustjóri SVest farið yfir þennan þátt og undirbúið flutning hans en fjármálastjóri telur að ekki sé um mikla viðbót að ræða hjá fjármálasviði Ísafjarðarbæjar.


Hefja þarf undirbúning að því að færa kostnað vegna þjónustu við fatlað fólk inn í rekstrarlíkan Skóla- og fjölskylduskrifstofu jafnframt því sem hefja þarf kostnaðargreiningu vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2011. Þá þarf að fara í viðræður við Byggðasamlag Vestfjarða um gerð þjónustusamnings vegna yfirfærslunnar.

Ýmis mál

Framkvæmdastjóri SVest hefur rætt við kerfisstjóra Ísafjarðarbæjar um yfirfærslu á gögnum varðandi starfsmenn og notendur. Unnið er að flokkun skjala á SVest og mun aðeins lítill hluti þeirra flytjast til bæjarins við yfirfærsluna.

Huga þarf að breytingum á netföngum, símanúmerum og nýjum merkingum innanhúss í Stjórnsýsluhúsinu.

Framkvæmdaáætlun október - desember




Nýtt skipurit fyrir Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Starfshópurinn skoðaði ýmsar útfærslur á nýju skipuriti fyrir Skóla- og fjölskylduskrifstofu eftir að málefni fatlaðra verða komin þangað. Markmiðið var heildstæð þjónusta löguð að þörfum notenda jafnframt því sem horft var til möguleika á samþættingu, t.d. varðandi liðveislu og heimaþjónustu. Ljóst er hins vegar að öll samþætting og hagræðing verður að vinnast skref fyrir skref og í samræmi við reynsluna sem verður til við samruna þessara tveggja kerfa.

Skipuritið sem fylgir greinargerð þessari byggir á sama grunni og verið hefur fyrir Skóla- og fjölskylduskrifstofu. Það er að skipuritið er stigskipt og línulaga. Þannig hefur skipurit Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum einnig verið. Þetta gerir breytingar einfaldari og auðveldara fyrir starfsfólk að laga sig að breyttum aðstæðum.


Efst á skipuritinu er bæjarstjórn og í lóðréttri línu frá henni eru bæjarráð og bæjarstjóri. Þá koma línulaga nefndir sviðsins, íþrótt- og tómstundanefnd, fræðslunefnd, barnaverndarnefnd og félagsmálanefnd. Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu er næstur en í línulaga röð fyrir neðan hann eru íþrótt- og tómstundafulltrúi, grunnskólafulltrúi, leikskóla- og sérkennslufulltrúi, skólasálfræðingur, talkennari, ráðgjafi barna, barnaverndarfulltrúi, félagsráðgjafi, ráðgjafi fullorðinna og öldrunarfulltrúi. Lóðrétt, línulaga undir framangreindum eru skólastjórar leik- og grunnskóla, forstöðumenn stofnana og þá annað starfsfólk. Til hliðar við forstöðumann er móttökuritari sem sinnir störfum fyrir alla á skrifstofunni, mismikið þó en hefur jafnframt á sinni könnu útreikning á húsaleigubótum og fleiri verkefni.



Uppsetning skipuritsins gerir alla teymisvinnu auðveldar, eins og verið hefur. Hingað til hefur verið unnið í skóla- og félagsteymum á Skóla- og fjölskylduskrifstofu. Á Svæðisskrifstofu hefur einnig verið unnið í teymisvinnu. Við sameininguna er stefnt að aukningu á teymisvinnu og horft til þess að fleira fagfólk sé komið á einn stað að þjónustu við einstaklinga. Þannig telur starfshópurinn að einstaklingar muni fá betri og heildstæðari þjónustu jafnframt því sem að útkoman verður hagkvæmari fyrir sveitarfélagið þegar fram líða stundir.

Teymisþjónusta barna

Markmið þjónustunnar er að veita heildstæða og samþætta þjónustu á sviði félagsþjónustu, ráðgjafar fyrir börn, skólamála og íþrótta- og tómstunda. Einnig að tengja eins vel unnt er alla þætti þjónustunnar. Starfsmenn leggi sig fram um að þjónustan stýrist af þörfinni. Unnið er í teymisvinnu og sér ráðgjafi barna eða félagsráðgjafi um að kalla saman viðeigandi teymi. Teymin geta verið misstór og fara alfarið eftir þjónustubörf barnsins. Sem dæmi um skörun í þjónustu við börn:




Búið er til teymi í kringum barnið og aðstandendur eftir þörfum. Í teyminu eru þeir aðilar sem koma að málefni barnsins. Þjónustan er löguð að þörfum barnsins og fjölskyldu þess. Markmiðið teymisvinnu:

- Að samræma aðgerðir og starfsemi í kringum barnið þannig að þjónustan verði markviss.
- Að tryggja að þörfum hvers barns sé mætt og hefja íhlutun sem fyrst.
- Að gera heildstæða þjónustuáætlun.
- Að fylgja eftir áætlunum.
- Að finna möguleg úrræði, t.d. stoðþjónustu.
- Að vinna í samstarfi við aðrar stofnanir, t.d. heilbrigðisstofnun, endurhæfingardeild og aðra sem kunna að koma að barninu.
- Teymið fundar reglulega og gerir endurmat á árangri.

Teymisþjónusta fullorðinna

Markmið þjónustunnar er að veita heildstæða og samþætta þjónustu á sviði félagsþjónustu, ráðgjafa á fullorðinssviði og forstöðumanna. Slíkt fyrirkomulag á að vera tækifæri til framþróunar og samþættingar sem leiðir til hagsbóta fyrir notendur. Markmiðið er einnig að tengja eins vel unnt er alla þætti þjónustunnar. Starfsmenn leggja sig fram um að þjónustan stýrist af þörfinni. Unnið er í teymisvinnu og sér ráðgjafi á fullorðinssviði eða félagsráðgjafi um að kalla saman viðeigandi teymi. Teymin geta verið misstór og fara alfarið eftir þjónustubörf notandans. Sem dæmi teymisvinnu ráðgjafa og forstöðumanna:




Markmið með teymisvinnunni er að þjónustan sé löguð að þörfum notandans - hans óskir og þarfir hafðar að leiðarljósi:

- Samræma aðgerðir og starfsemina í kringum notandann þannig að þjónustan verði markviss.
- Að tryggja að þörfum hvers notanda sé mætt og hans óskir virtar.
- Gera heildstæða þjónustuáætlun.
- Fylgja eftir áætlunum.
- Finna möguleg úrræði, t.d. stoðþjónustu.
- Vinna í samstarfi við aðrar stofnanir, t.d. heilbrigðisstofnun, endurhæfingardeild og aðra sem kunna að koma að notandanum.
- Teymið fundar reglulega og gerir endurmat á árangri.

Teymisþjónusta aldraða

Markmið þjónustunnar er að veita heildstæða og samþætta þjónustu á sviði félagsþjónustu, ráðgjafar öldrunarmála og forstöðumanna. Slíkt fyrirkomulag á að vera tækifæri til framþróunar og samþættingar sem leiði til hagsbóta fyrir notendur. Markmiðið er einnig að tengja eins vel unnt er alla þætti þjónustunnar. Starfsmenn leggi sig fram um að þjónustan stýrist af þörfinni. Unnið er í teymisvinnu og sér ráðgjafi aldraða eða félagsráðgjafi um að kalla saman viðeigandi teymi. Teymin geta verið misstór og fara eftir þjónustubörf notandans. Sem dæmi teymisvinnu ráðgjafa og forstöðumanna:



Markmið með teymisvinnunni er að þjónustan sé löguð að þörfum notandans og hans óskir og þarfir hafðar að leiðarljósi:

- Samræma aðgerðir og starfseminu í kringum notandann þannig að þjónustan verði markviss.
- Að tryggja að þörfum hvers notanda sé mætt og hans óskir virtar.
- Gera heildstæða þjónustuáætlun.
- Fylgja eftir áætlunum.
- Finna möguleg úrræði, t.d. stoðþjónustu.
- Vinna í samstarfi við aðrar stofnanir, t.d. heilbrigðisstofnun, endurhæfingardeild og aðra sem kunna að koma að notandanum.
- Teymið fundar reglulega og gerir endurmat á árangri.

Stöðugildi í félagsþjónustu, barnavernd og öldrunarþjónustu

Starfshópurinn leggur til að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykki neðangreindar tillögur starfshópsins um breytingar á stöðu ráðgjafa í félagsþjónustu og nýtt stöðugildi félagsráðgjafa.

Endurskilgreining á stöðu ráðgjafa

Starfshópurinn leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að staða ráðgjafa verði skilgreind þannig að hálf stöðugildi sé skráð á nýtt heiti, þ.e. ráðgjafi öldrunarmála. Undir hann muni heyra dagvistir aldraðra, vinnustofur, Hlíf og Tjörn. Næstu undirmenn hans séu forstöðumaður á Hlíf/Tjörn og forstöðumenn dagvista og vinnustofa. (Sjá meðfylgjandi drög að starfslýsingu). Hálf stöðugildi verði skráð í barnavernd þar sem staðan verður sífellt erfiðari vegna málafjöldi í vinnslu og hás hlutfalls „þungra“ barnaverndarmála. Einn starfsmaður sinnir barnavernd og hefur lengi verið svo. Samþykkt var framlenging á leyfi fyrir auka stöðugildi til áramóta 2010–2011 en starfsmaðurinn sem sinnti því fékk fasta stöðu annars staðar og hætti störfum á SFS í febrúar 2010. Ráðinn var starfskraftur í þrjá mánuði í sumar til að létta undir með starfsmanni í barnavernd, hann hætti í lok ágúst sl. Ljóst er að það verður að bregðast við álagi í barnavernd með aukningu sem nemur hálfu stöðugildi.

Nýtt stöðugildi félagsráðgjafa

Með vísan til ofanritaðs, þ.e. að ráðgjafi sem áður sinnti félagsþjónustu í hálfu starfi á móti störfum að öldrunarmálum, er lagt til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki nýtt stöðugildi félagsráðgjafa við Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Öll almenn félagsþjónusta hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og mikið álag hefur verið á ráðgjafa í félagsþjónustu. Það hefur gert alla vinnu að málefnum aldraðra mun hægari að tímaskortur og álag hefur bitnað á málaflokknum. Þegar álag skapast vegna málaflokka eins og fjárhagsaðstoð, almennri félagsráðgjöf og vinnu með fólki vegna húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta er tilhneigingin sú að það gangi fyrir öldrunarmálum. Umsóknum um fjárhagsaðstoð hefur fjölgað verulega sem og umsóknum um stuðning og ráðgjöf á ýmsum sviðum. Eins og staðan hefur verið undanfarin tvö ár hefur forstöðumaður sinnt öldrunarmálum í fæðingarorlofi ráðgjafa, hann hefur jafnframt sinnt stökum einstaklingsmálum í barnavernd og félagsþjónustu og stórum hluta mála sem varða ráðgjöf á sviði skilnaðar-, forsjár-, og umgengnismála. Það getur ekki gengið til langs tíma þar sem starfssvið forstöðumanns á að lúta meira að stjórnun. Það er áriðandi að forstöðumaður geti sinnt skóla- og félagsmálum til jafns á grundvelli stjórnunar.

Ráðgjöf barna

Næsti yfirmaður: Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Næstu undirmenn: Forstöðumenn þeirra stofnana sem verkefnin heyra undir og almennt starfsfólk, s.s. forstöðumaður skammtímavistunar og starfsfólk í skammtímavistun.

Ráðgjafi barna er ábyrgur gagnvart yfirmanni skrifstofunnar, bæjarstjóra, bæjarráði, bæjarstjórn, félagsmálanefnd og öðrum þeim nefndum sem falla undir Skóla- og fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem starfslýsing þessi kveður nánar á um.

Ráðgjöf barna 0-18 ára með sérþarfir:

- Barnið sjálft.
- Foreldrar, ættingjar.
- Starfsmenn s.s. skammtímavistunar, liðveislu, stuðningsfjölskyldur o.s.frv.
- Samstarfsaðilar s.s. skólar, leikskólar, heilsugæsla.
- Samstarfsaðilar s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heilsuvernd barna og Bugl.
- Samstarfsaðilar s.s. fagstéttir eins sjúkráðgjafi, iðjuþjálfari og talmeinafræðingur

Helstu viðfangsefni

Ráðgjafi barna veitir ráðgjöf til foreldra varðandi réttindi barnsins, aðstoð við umsókn um umönnunargreiðslur, umsókn um stuðningsfjölskyldu, umsóknir til sveitarfélaga og aðstoð við aðrar umsóknir t.d. vegna sumardvala. Ráðgjafinn veitir einnig ráðgjöf um heildstæða þjónustubörf barns, notendastýrða persónulega aðstoð og ný þjónustuúrræði. Ráðgjöfin er unnin í teymisvinnu í samvinnu við foreldra og aðra fagaðila á 6 til 8 vikna fresti hjá hverjum notenda. Ennfremur veitir hann ráðgjöf um:

- Fatlanir og aðrar skyldar raskanir
- Þjálfun heima hjá barninu
- Sérstækar þjálfunarleiðir og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir
- Félagsfærni og samskipti barnsins
- Hegðun og tilfinningalegan vanda
- Styrkir og stuðningsúrræði
- Sumardvöl, sumarvinna, tómstundir
- Framhaldsnám unglinga

Ráðgjafi barna er einnig með ráðgjöf til starfsmanna skammtímavistunar og annarra starfsmanna sem þjónusta börn. Einnig ráðgjöf og miðlun upplýsinga til annarra fagaðila og félagasamtaka, t.d. Styrktarfélags fatlaðra, umsjónarfélags einhverfa o.fl. Hann skal jafnframt veita ráðgjöf um hugmyndafræði, virðingu, viðhorf ásamt kynningum á lögum og reglugerðum.

Ráðgjafi barna situr teymisfundi og sér um skýrslugerðir og samantektir. Hann gerir greinargerðir um þjónustubörf og nýtingu þjónustu. Þá skal hann vera vakandi fyrir nýjungum í þjónustu við börn og halda utan um fræðslu, upplýsingagjöf og námskeið fyrir aðstandendur og starfsfólk eftir því sem þörf krefur. Hann sér um samskipti við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Heilsuvernd barna og BUGL. Einnig um samskipti við ráðgjafastofnanir á landsvísi t.d. Öskjuhlíðskóla, Leikskólann Múlaborg og starfsbrautir

Ráðgjafi barna skal sjá um ráðningu og eftirfylgni varðandi stuðningsfjölskyldur og gera úttekt á heimilum. Hann sér einnig um eftirfylgni varðandi umönnunargreiðslur og þjónustu, þ.e. skráning og samantekt á þjónustu. Hann vinnur með Tryggingarstofnun vegna umönnunargreiðslna og þjónustu og sér um skráningu í „Grósku“ eða annan gagnagrunn.

Ráðgjafi barna tekur þátt í gerð fjárhagsáætlunar vegna þess málaflokks er undir hann heyrir í samvinnu við forstöðumenn. Hann annast eftirlit með útgjöldum þeirra aðila sem heyra undir hans svið og gerir tillögur til hagræðingar í rekstri ef tilefni gefast til.

Ráðgjöf fullorðinna

Næsti yfirmaður: Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Næstu undirmenn: Forstöðumenn þeirra stofnana sem verkefnin heyra undir og almennt starfsfólk, s.s. forstöðumenn Hvestu, búsetu, liðveislu, heimaþjónustu og þeirra starfsfólks.

Ráðgjafi fullorðinna er ábyrgur gagnvart yfirmanni skrifstofunnar, bæjarstjóra, bæjarráði, bæjarstjórn, félagsmálanefnd og öðrum þeim nefndum sem falla undir Skóla- og fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem starfslýsing þessi kveður nánar á um.

Ráðgjöf fullorðinna 18 og eldri:

- Notandi
- Aðstandendur
- Starfsmenn, s.s. liðveislu, hæfingarstöðvar, búsetu, heimaþjónustu og Vesturafis.
- Samstarfsaðilar, s.s. endurhæfing, heilsugæsla, Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Helstu viðfangsefni:

Ráðgjafi fullorðinna veitir ráðgjöf til notenda og aðstandenda, m.a. varðandi réttindi og aðstoðar við umsóknir. Hann veitir einnig ráðgjöf um fatlanir og aðrar skyldar raskanir, um SIS-mat, um heildstæða þjónustupörf notanda, notendastýrða persónulega aðstoð og ný þjónustuúrræði. Hann veitir ráðgjöf um frístundaúrræði og atvinnumöguleika. Þá veitir hann ráðgjöf og upplýsingar um félagasamtök, t.d. Styrktarfélag fatlaðra, Umsjónarfélag einhverfra o.fl. Ennfremur vegna:

- Tilfinningalegs vanda
- Ferilmála
- Sumardvalar
- Tómtunda, náms og atvinnu

Ráðgjafi fullorðinna sér um ráðgjöf og miðlun upplýsinga til annarra fagaðila. Einnig til starfsmanna liðveislu, búsetuþjónustu, hæfingarstöðvar, heimaþjónustu og annarra starfsmanna sem vinna við félagslega þjónustu fullorðinna. Hann veitir ráðgjöf um hugmyndafræði, virðingu, viðhorf ásamt kynningum á lögum og reglugerðum.

Ráðgjafi fullorðinna situr teymisfundi og sér um skýrslugerðir og samantektir. Hann gerir greinargerðir um þjónustupörf og nýtingu þjónustu. Hann ber ábyrgð á móttöku nýrra umsókna um þjónustu og heildstæðu mati varðandi þjónustupörf. Þá skal hann vera vakandi fyrir nýjungum í málefnum fatlaðra og þjónustu við fullorðna. Hann á að halda utan um fræðslu, upplýsingagjöf og námskeið fyrir notendur, aðstandendur og starfsfólk eftir því sem þörf krefur. Hann veitir ráðgjöf og miðlar upplýsingum til annarra fagaðila og kemur á samvinnu milli fagaðila á svæðinu. Ráðgjafi fullorðinna sér um skráningu í „Grósku“ eða annan gagnagrunn, á málum þeim er varða hans sviði.

Ráðgjafi fullorðinna tekur þátt í gerð fjárhagsáætlunar vegna þess málaflokks er undir hann heyrir í samvinnu við forstöðumenn. Hann annast eftirlit með útgjöldum þeirra aðila sem heyra undir hans svið og gerir tillögur til hagræðingar í rekstri ef tilefni gefast til.

Ráðgjafi í öldrunarmálum

Næsti yfirmaður: Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Næstu undirmenn: Forstöðumenn þeirra stofnana sem verkefnin heyra undir og almennt starfsfólk, s.s. forstöðumenn öldrunarstofnana, starfsfólk í heimaþjónustu, umsjónarmenn vinnustofa aldraðra.

Ráðgjafi í öldrunarmálum er ábyrgur gagnvart yfirmanni skrifstofunnar, bæjarstjóra, bæjarráði, bæjarstjórn, félagsmálanefnd og öðrum þeim nefndum sem falla undir Skóla- og fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem starfslýsing þessi kveður nánar á um.

Helstu viðfangsefni:

Ráðgjafi í öldrunarmálum hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á málefnum aldraðra í Ísafjarðarbæ, m.a. með eftirliti með framkvæmd laga um málefni aldraðra. Hann aðstoðar og setur fram tillögur við stefnumörkun í öldrunarmálum. Eftirlit með skipulagi og framkvæmd vistunarmála með setu í þjónustuhópi aldraðra.

Ráðgjafi í öldrunarmálum sinnir rekstrarlegu eftirliti með Hlíf og starfsemi þar, m.a. með samskiptum og stjórnun sem næsti yfirmaður forstöðumanns Hlífar. Hefur samstarf við starfsfólk heilsugæslunnar um þjónustu við aldraða. Ráðgjafi í öldrunarmálum situr í stjórn Húsfélags Hlífar II sem og í stjórn Húsfélags Hlífar I sem fulltrúi sveitarfélagsins. Jafnframt er viðkomandi í samstarfi við félag eldri borgara í sveitarfélaginu. Ráðgjafi í öldrunarmálum vinnur með einstaklingum sem vilja kanna rétt sinn hjá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og öðrum stofnunum sem fjalla um málefni aldraðra.

- **Reikningar:** Staðfestir reikninga vegna þeirra innkaupa og verkbeiðna sem undir hann heyra.
- **Húsnæðismál:** Gefur umsögn um aðstæður umsækjenda um félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélagsins sem og upplýsingar til Vistunarmatsnefndar Vestfjarða um aðstæður umsækjenda.
- **Skjöl/skýrslur:** Ber ábyrgð á að varðveisla skjala og annarra gagna sem tilheyra verkefnum fulltrúa sé með fullnægjandi hætti. Annast skýrslugerð þessa málaflokks, s.s. gerð ársskýrslu og skýrslu til ráðuneytis, Hagstofu og annarra samstarfsaðila.
- **Frumkvæði:** Ráðgjafi í öldrunarmálum skal sýna frumkvæði í þeim málum sem undir hann falla og gera tillögur til fagnefnda um þau atriði sem hann telur að betur megi fara og þjóni hagsmunum sveitarfélagsins.
- **Fundasetur:** Tekur þátt í undirbúningi og situr fundi félagsmálanefndar með tillögurétti og málfrelsi. Mætir á fundi annarra nefnda á vegum sveitarfélagsins þegar eftir því er kallað af hálfu bæjarstjóra. Situr reglulega teymisfundum.
- **Samskipti:** Ráðgjafi í öldrunarmálum skal sjá til þess að sem best tengsl verði við íbúa Ísafjarðarbæjar og aðra sem þjónustu hans njóta. Hann skal gæta trúnaðar í öllum málum sem hann vinnur að. Ráðgjafi í öldrunarmálum er fulltrúi sveitarfélagsins í samskiptum við utanaðkomandi sem varða þá málaflokka sem undir hann heyra.
- **Fjárhagsáætlanir:** Ráðgjafi í öldrunarmálum undirbýr gerð fjárhagsáætlunar fyrir málefni aldraðra í samvinnu við forstöðumenn og annast eftirlit með útgjöldum þeirra aðila sem heyra undir öldrunarmál. Gerir tillögur til hagræðingar í rekstri þeirra stofnana sem undir hann heyra, ef tilefni gefast til.

Helstu niðurstöður vinnuhópa

Á fundi starfshóps um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þann 31. ágúst 2010 var ákveðið að skipa sex vinnuhópa til að fjalla um alla þjónustubætti Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum og Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, utan innra skipulags grunn- og leikskóla. Alls voru þetta sex vinnuhópar sem skipaðir voru starfsmönnum SSV og SFS (stjórnendum og almennu starfsfólki), fulltrúum notenda þjónustunnar og öðrum aðilum sem starfa að málefnum fatlaðra á ýmsum sviðum.

Þótti nauðsynlegt að fá sem flesta að borðinu til að fá fram sem flest sjónarmið við undirbúning yfirfærslunnar. Starfsmönnum SSV og SFS var falið að boða vinnuhópana til fundar og rita greinargerð um niðurstöður hvers hóps. Lagðar voru ákveðnar spurningar fyrir hópana með það að markmiði að fá fram hugmyndir um hvernig meggi bæta og þróa félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar til framtíðar. Einnig voru rædd ýmis praktísk mál sem tengjast yfirfærslu á þjónustu við fatlaða.

Umræður í vinnuhópnum leiddu í ljós að margir kvíða yfirfærslunni því þeir telja að þjónustan versni eftir að hún verður komin í hendur sveitarfélagsins. Þeir voru þó fleiri sem sjá ýmis tækifæri felast í yfirfærslunni og þá helst að þjónustan verður á einni hendi með möguleika á samþættingu og þróun til hagsbóta fyrir alla notendur.

- Einföldun ábyrgðar - einn þjónustuaðili, betri yfirsýn
- Endurskoðun á hugmyndafræði – ný hugsun, nýjar lausnir
- Hrist upp í kerfum - endurskoðað og endurmetið
- Nýtt samstarfsfólk - ný hugsun / nýjar áherslur / nýjar lausnir
- Efld og bætt þjónusta við notendur - með samþættingu og bættri nýtingu fjármagns og mannauðs

Niðurstöður vinnuhópanna fylgja aftast með þessari greinargerð en hér verða teknar til helstu niðurstöður þeirra.

Hópur 1. - Ýmis þjónusta (Heimaþjónusta, ferlimál, liðveisla og frekari liðveisla).

Hvernig þjónusta er veitt í dag? Aðskilið - þ.e. hver eru helstu verk hvers þjónustubáttar?

Hvernig er stjórnuninni háttað? Tímarammi? Er verið að uppfylla lagaskyldur?

Samþættingarmöguleikar? - Hvernig má sjá fyrir sér samþætta þjónustu? Á þetta að vera aðskilið eða vera saman? Kostir og gallar þess að sameina heimaþjónustu, ferlimál, liðveislu og frekari liðveislu.

Helstu niðurstöður: Þjónustan er góð en þó ýmislegt sem þarf að bæta. Leggja þarf meiri áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu og virða þarfir/óskir notandans. Rýmka þarf tímaramma þjónustunnar og hafa vinnutíma starfsfólks sveigjanlegri. Endurskoða þarf verklagsreglur og auka eftirfylgni með þjónustunni. Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar og einfaldar/skiljanlegar. Samþætting þjónustu og aukið samstarf allra aðila hefur í för sér meira hagræði fyrir bæði notendur og starfsfólk.

Hópur 2. - Ráðgjöf barna

Hvernig þjónusta er veitt í dag? Aðskilið - þ.e. hver eru helstu verk hvers þjónustubáttar?

Hvernig er stjórnuninni háttað? Tímarammi? Er verið að uppfylla lagaskyldur?

Hvað felst í hugtakinu ráðgjöf barna? Við hverja er ráðgjöfin? Vegna hvers er hún? - Hverjar eru helstu ástæður fyrir ráðgjöfinni? eru einhver önnur verkefni sem falla undir ráðgjöf (t.d. umsagnir, umsóknir og fleira)?

Hvernig er hægt að sjá fyrir sér samþætta þjónustu á sviði ráðgjafar barna?

Helstu niðurstöður: Samþætta þarf þjónustu við börn og gera hana heildstæðari þannig að öll þjónusta og ráðgjöf verði undir sama sviði. Efla þarf ráðgjafarþjónustuna og þá sérstaklega hvað varðar réttindi barnsins og þjónustu. Einnig þarf að efla þjónustu við börnin og ungmennin sjálf og gera þeim auðveldar að sækja sér sjálf ráðgjöf þannig að þau séu virkir þátttakendur og hafi eitthvað um ráðgjöfina að segja. Auka þarf ráðgjöf og fræðslu til foreldra, aðstandenda og fagaðila. Mikil þörf er á þroskaþjálfu í grunnskólanum og bæta þarf faglega vinnu vegna barna sem þurfa á sértækri aðstoð að halda í skóla. Öflug teymisvinna allra aðila á félagsþjónustu- og skólasviði er mikilvæg.

Hópur 3. - Ráðgjöf fullorðinna

Hvernig þjónusta er veitt í dag? Aðskilið - þ.e. hver eru helstu verk hvers þjónustubáttar?

Hvernig er stjórnuninni háttað? Tímarammi? Er verið að uppfylla lagaskyldur?

Hvað felst í hugtakinu ráðgjöf fullorðinna? Við hverja er ráðgjöfin? Vegna hvers er hún?

Hverjar eru helstu ástæður fyrir ráðgjöfinni? eru einhver önnur verkefni sem falla undir ráðgjöf (t.d. umsagnir, umsóknir og fleira)?

Hvernig er hægt að sjá fyrir sér samþætta þjónustu á sviði ráðgjafar fullorðinna?

Helstu niðurstöður: Ráðgjöf til fullorðinna, fatlaðra og ófatlaðra, er margbreytileg og þarfirnar ólíkar. Reynt er að vísa fólki á þau úrræði sem henta hverjum og einum með það að markmiði að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að hver einstaklingur geti sem best notið sín í samfélaginu. Mikilvægt er að hlusta á fólk og tala við það að virðingu. Teymisvinna allra aðila (s.s. SSV, SFS, Starfsendurhæfing, Vesturafl, heimahjúkrun) er mikilvægur þáttur í ráðgjöf fullorðinna. Með heildstæðri og samþættri þjónustu aukast möguleikar á því að laga hana að þörfum þjónustubega með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Hópur 4. - Búseta

Hvernig þjónusta er veitt í dag? Aðskilið - þ.e. hver eru helstu verk hvers þjónustubáttar?

Hvernig er stjórnuninni háttað? Tímarammi? Er verið að uppfylla lagaskyldur?

Hvernig sjáum við fyrir okkur fyrirkomulag í búsetuþjónustu í framtíðinni?

Helstu niðurstöður: Mikilvægt er að notendur þjónustunnar og starfsfólk búsetu finni sem minnst fyrir yfirfærslunni og upplifi ekki óöryggi vegna breytinganna. Um mjög sérhæfða þjónustu er að ræða og samþættingarmöguleikar óljósir. Yfirfærsla málaflokksins mun hins vegar í mörgu tilliti einfalda útfærslu á þjónustunni og fækka flækjustigum. Mikilvægt er að sveitarfélagið móti sér stefnu í öllum málaflokknum, ekki síst búsetumálum, til t.d. næstu 10 ára. Við gerð slíkrar stefnu þarf að leggja mat á væntanlega þjónustubörf og ákveða hvernig henni skuli mætt.

Hópur 5. - Atvinnumál

Hvernig þjónusta er veitt í dag? Aðskilið - þ.e. hver eru helstu verk hvers þjónustubáttar?

Hvernig er stjórnuninni háttað? Er verið að uppfylla lagaskyldur?

Hvernig sjáum við fyrir okkur fyrirkomulag í atvinnumálum í framtíðinni?

Helstu niðurstöður: Ekki er verið að uppfylla lagaskyldur um atvinnumál fatlaðra. Lög þar að lútandi hafa verið í endurskoðun, m.a. vegna þess að þau úrræði sem í dag eru notuð í atvinnumálum fatlaðra eru ekki í nógildandi lögum. Stjórnun og ábyrgð á þessum málaflokki er dreifð á marga aðila og verður þar af leiðandi ómarkviss, t.d. er atvinnu með stuðningi ekki sinnt sem skyldi. Æskilegt væri að sérstakur atvinnuráðgjafi starfaði með þjónustustofnunum fatlaðra (s.s. SSV, SFS, Vesturafl, Hvestu, Starfsenduræfingu Vestfjarða og starfsbraut MÍ). Atvinnuráðgjafinn tæki við atvinnuumsóknum fatlaðra, finndi þeim vinnu og kynnti fyrir atvinnulífinu. Atvinnumál fatlaðra ættu að færast til Vinnumálastofnunar en ef það getur ekki orðið þá er mikilvægt að atvinnuráðgjafi fatlaðra vinni í nánú samstarfi við Vinnumálastofnun.

Hópur 6. - Þjónusta við börn

Hvernig þjónusta er veitt í dag? Aðskilið - þ.e. hver eru helstu verk hvers þjónustubáttar?

Hvernig er stjórnuninni háttað? Tímarammi? Er verið að uppfylla lagaskyldur?

Hvaða þjónusta er við börn? Hvað felst í hugtakinu þjónusta við börn? Vegna hvers er hún?

Hverjar eru helstu ástæður fyrir þjónustunni? Eru einhver önnur verkefni sem falla undir þjónustu við börn? Hlutverk þjónustunnar og helstu verkefni.

Hvernig er hægt að sjá fyrir sér samþætta þjónustu á sviði þjónustu við börn?

Helstu niðurstöður: Samþætta þarf þjónustu við börn og gera hana heildstæðari þannig að öll þjónusta og ráðgjöf verði undir sama sviði. Efla þarf nærþjónustu og leggja meiri áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu. Gera þarf heildstæðar þjónustuáætlanir fyrir börn og ungmenni sem eru reglulega yfirfarnar í samræði við viðkomandi einstaklinga og aðstandendur. Auka þarf stuðning og þjónustu við fjölskyldu barna með sértækar þarfir. Einnig þarf að auka fræðslu til foreldra, aðstandendur og fagaðila. Mikil þörf er á þroskaþjálfara í grunnskólanum og bæta þarf faglega vinnu vegna barna sem þurfa á sértækri aðstoð að halda í skóla. Öflug teymisvinna þarf að vera milli ólíkra deilda innan félagsþjónustu- og skólasviðs. Þeim mun fleiri fagaðilar með fjölbreytta þekkingu og reynslu, þeim mun betri þjónusta.

Er það mat starfshóps um yfirfærslu á málefnum fatlaðara frá ríki til sveitarfélaga að mikilvæg og vönduð vinna hafi verið unnin af vinnuhópunum og þakkar nefndin öllum þeim sem komu að því starfi. Framlag þeirra er mikilvægt þegar tekist verður á við þá miklu breytingu sem yfirfærsla á málefnum fatlaðra er. Starfshópurinn mun taka fullt tillit til þeirra ábendinga sem komu fram hjá vinnuhópunum og hafa niðurstöður þeirra að leiðarljósi við að efla og bæta félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar, öllum notendum til hagsbóta. (Sjá niðurstöður vinnuhópa aftur í greinargerðinni).

Þroskaþjálfari í grunnskóla

Starfshópurinn telur rétt að benda á að í niðurstöðum vinnuhópa sem skipaðir voru á vegum verkefnahóps um yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélagsins kom fram að brýn þörf er fyrir þroskaþjálfara er sinnir grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Lögð var sérstök áhersla á þetta í vinnuhópi um þjónustu við börn og einnig í vinnuhópi um ráðgjöf barna og unglinga. Starfshópurinn telur þetta mál falla undir fræðsluvið Skóla- og fjölskylduskrifstofu en þar sem um er að ræða þjónustu við fötluð börn telur hópurinn eðlilegt að vekja athygli á þessari ábendingu vinnuhópanna.

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir inn í grunnskóla nr. 585 sem samþykkt var 28. júní 2010 kemur fram að hún tekur til nemenda sem þurfa sérstakan stuðning. Þeir nemendur eigi að fá jöfn tækifæri til náms á eigin forsendum og virkrar þátttöku. Koma á til móts við náms-, líkamlegra,- félags,- og tilfinningalegra þarfa þeirra. Stuðningurinn við nemendur á að felast í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluáttum.

Í 11. greininni kemur fram að stuðningur getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum. Þar á auki skal gera rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling.

Af hverju þroskaþjálfari inn í skóla?

Þroskaþjálfar eru sérfræðingar í þroskafrávikum, fötlunum og þroskaþjálfun. Þess vegna eru þeir færastir til þess að meta þörfina fyrir slíka þjálfun. Grunnskólaumhverfið byggir á mjög stífu regluverki, s.s. lög, reglugerðir, sáttmálar, stefnur o.fl. auk þess sem hverjum skóla er skylt að setja sér sérstakar skólareglur. Það getur reynst barni með fötlun erfitt, ef ekki ómögulegt, að falla undir slíkt regluverk. Eitt af hlutverkum þroskaþjálfara er réttindagæsla, þ.e. að standa vörð um réttindi fólks með fötlun. Aðstandendur fatlaðra barna er ekki stór þrýstihópur og eru ekki alltaf að upplifa það að barn þeirra sé velkomið inn í skólann og þörfum þess sinnt. Störf þroskaþjálfara inn í grunnskóla mótast af þörfum nemandans og óskum foreldra hverju sinni. Þroskaþjálfinn metur þörf barnsins fyrir kennslu og þjálfun, einnig metur hann þörfina fyrir ráðgjöf og fræðslu.

Ef nefna á einhver störf sem þroskaþjálfari sinnir innan skóla eru þau:

- Aðlaga barn að nýju umhverfi.
- Aðlaga barn inn í bekk.
- Útbúa aðstæður við hæfi (staðsetning í bekk, sjónrænt skipulag, tákni með tali, skipulag og fleira).
- Fylgjast með félagslegum samskiptum barns inn í bekk, í frímínútum og í matsal og gera áætlun um að efla þá þætti sem vantar.
- Þjálfu úthald barns við ýmsar aðstæður.
- Koma að einstaklingsnámskrárgerð í samvinnu við kennara og sérkennara.
- Einfalda eða útbúa námsefni við hæfi.
- Vinna með hegðunarmótandi aðferðir.
- Útbúa styrkja og umbunarkerfi.

Þverfaglegt starf er stór þáttur í starfi þroskaþjálfara í grunnskóla. Þeir eiga m.a. að þjálfu stuðningsfulltrúi í starfi, leiðbeina þeim og styðja. Markmiðið er að draga smám saman úr

stuðningi við barnið eftir því sem sjálfstæði þess eykst innan skólakerfisins. Þroskajálfi vinnur í nánú samstarfi við sérkennara og umsjónarkennara barnsins og kemur að allri áætlunargerð. Einnig sinnir þroskajálfi ráðgjöf til kennara, stuðningsfulltrúa, foreldra og sér um fræðslu inn í bekk til samnemenda.

Af hverju þessi áhersla?

Víða um land sjá stuðningsfulltrúar í grunnskólum að miklu leyti um menntun nemenda með fötlun. Margir hverjir útbúa þar að auki kennsluefni handa þeim. Í grunnskólum Ísafjarðarbæjar eru börn sem hafa þurft mikla aðstoð og sérhæfingu en ekkert sérhæft starfsfólk í fötlunum vinnur með þeim. Stuðningsfulltrúarnir hafa hafa sinnt þessum börnum eins vel og þeim er kostur en skortir faglega reynslu og þekkingu. Mikilvægt er að þeir hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi í starfi sínu með börnunum.

Nú stendur til að löggilda Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar kemur fram að fatlað fólk sé ekki útilokað frá hinu almenna menntakerfi vegna fötlunar og að fatlaðir skuli af aðgang að menntun sem uppfylli *almennar kröfur um gæði til jafns við aðra*. Í sáttmálunum er einnig minnst á að skilyrði verði að ráða og þjálf fagmenn og starfsfólk á öllum sviðum menntakerfisins. Fyrirnefnd þjálfun eða menntun skal m.a. fela í sér vitund um fötlun og notkun bættra og óhefðbundinna aðferða, leiða og forma í samskiptum, auk kennslutækni og kennsluefnis sem er ætlað að styðja fatlað fólk.

Samstarf við önnur sveitarfélög

Starfshópur Ísafjarðarbæjar um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hefur í starfi sínu fyrst og fremst horft til þess hvernig að yfirfærslunni skuli staðið í Ísafjarðarbæ þannig að þar verði alhliða félagsþjónusta sem nýtist á sem bestan hátt notendum sveitarfélagsins. Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur hafa nú óskað eftir viðræðum um samstarf vegna þjónustu við fatlaða. Í framhaldi af því var starfshópurinn beðinn um að skoða hvernig koma mætti á samstarfi þessara þriggja sveitarfélaga um málefni fatlaðra.

Nokkurt samstarf er nú þegar meðal sveitarfélaganna um félagsþjónustu og reka þau sameiginlega barnavernd. Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur reka sameiginlega Félagsþjónustu við Djúp. Í skýrslu um sameiningu þessara sveitarfélaga frá því í maí 2010, kennd við svokallaða 100 daga nefnd, kemur m.a. fram að félagsþjónusta þessara þriggja sveitarfélaga er vel samrýmanleg. Þannig myndi fjölbreytt fagþekking eflast og mannauður nýtast betur.

Starfshópurinn telur eðlilegast að þessi þrjú sveitarfélög sameinist um alla félagsþjónustu og komi sér saman um eitt þjónustusvæði á norðanverðum Vestfjörðum. Þeirri hugmynd hefur verið velt upp áður en ekki fengið hljómgrunn þar sem Bolvíkingar og Súðvíkingar telja slíkt samstarf ekki hagkvæmt fyrir sín sveitarfélög.

Ef ekki reynist unnt að stofna eitt þjónustusvæði um alla félagsþjónustu, þá telur hópurinn skynsamlegast að gerðir verði þjónustusamningar milli sveitarfélaganna um sértæka þjónustu. Þá sinna Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur allri almennri félagsþjónustu í sínum sveitarfélögum, s.s. liðveislu og heimaþjónustu, en kaupa sértæka

þjónustu af Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, s.s. ráðgjöf, skammtímavistun, sólarhringsbúsetu og hæfingu. Starfshópurinn telur óskynsamlegt að sveitarfélögin sameinist aðeins um þjónustu við fatlaða þar sem stefnan er að samþætta alla þjónustu við fatlaða notendur almennri félagsþjónustu í Ísafjarðarbæ.

Eftirfylgni starfshóps

Í erindisbréfi starfshóps um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga kemur fram að hópnum sé heimilt að gera tillögu um að hann starfi áfram eftir að hann hefur skilað af sér. Það er hins vegar ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hvort starfshópurinn skal starfa áfram eða hvort verkefni hans færast til félagsmálanefndar.

Starfshópurinn telur þörf á að hann starfi áfram og fylgi tillögum sínum úr hlaði. Jafnframt hafi hann eftirlit með því hvernig breytingarnar gangi fyrir sig og taki á þeim vandamálum sem kunna að koma upp. Er því lagt til að starfshópurinn starfi áfram til ársins 2014 en þá á að endurskoða samkomulagið milli ríkis- og sveitarfélaga. Gera má ráð fyrir að starfshópurinn komi saman eftir þörfum fyrst eftir yfirfærsluna en síðan tvisvar á ári til að fara yfir stöðu mála og skoða hvort yfirfærslan hefur skilað þeim faglega og fjárhagslega ávinningi sem vonir standa til.

Niðurstöður vinnuhópa

Vinnuhópur 1 - Ýmis þjónusta

Heimaþjónusta, ferlimál, liðveisla og frekari liðveisla

Fulltrúar í vinnuhópi 1: Anna Lilja Sigurðardóttir, starfsmaður í heimaþjónustu, Jóhanna Kristjánsdóttir, notandi heimaþjónustu, Guðbjörg María Halldórudóttir, notandi frekari liðveislu, Hjördís Jónsdóttir, starfsmaður frekari liðveislu, Ría Nijeboer, forstöðumaður frekari liðveislu hjá SSV og Ingibjörg Kjartansdóttir, deildarstjóri heima- og ferliþjónustu hjá SFS.

Hópurinn fjallaði um eftirfarandi atriði:

Þjónustan:

- Þjónustan er ásættanleg en ýmislegt sem má bæta.
- Tímarammi þjónustunnar er of þröngur.
- Samþætta þjónustu og samstarf með sviðstjóra, deildarstjóra og ráðgjafa.
- Í upphafi þjónustunnar þarf að vera öflug teymisvinna á milli ólíkra deilda innan félagsþjónustunnar í samráði við notandann.
- Áhersla lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu, t.d. þjónustusamning og að fólk geti valið sér starfsfólk sjálft.
- Vantar kvöld- og helgarþjónustu.
- Mögulegt á að vera að hringja í vakt síma (sólahringsþjónusta).
- Bæta/breyta þarf verklagsreglum í heimaþjónustu, t.d. aðstoða við þrif á skápum, gardínum, veggjum o.fl.
- Auka þarf eftirfylgni með þjónustunni.

Notandinn:

- Virða þarf aldur og óskir notandans.
- Vantar meiri hvatningu og tillitsemi.
- Fólk vill geta komið á einn stað til að fá allar upplýsingar, t.d. um þjónustuna, hvað er í boði, hver eru réttindin (faglegur ráðgjafi).
- Notandinn fái hugmyndir frá starfsmanni um hvað hægt sé að gera, t.d. menning, listir eða önnur afþreying.
- Upplýsingarnar um þjónustuna þurfa að vera einfaldar og skiljanlegar.
- Fólk er hrætt við að hagræðing komi niður á þjónustunni.

Starfsmaðurinn:

- Starfsfólk þarf að vera upplýst um menningar- og tómstundarviðburði.
- Starfsfólk þarf aðgang að ráðgjafa og/eða sálfræðingi.
- Aukin handleiðsla til starfsfólks.
- Starfsfólk spyrji hvað það geti gert fyrir viðkomandi þjónustuþega, hafa þjónustumatið/-samninginn meira opinn.
- Sveigjanlegri vinnutími.

Niðurstaða:

Hópurinn telur að samþætting ofangreinda þjónustu sé hagræðing fyrir notendur og starfsfólk.

Hópur 2 - Ráðgjöf barna

Fulltrúar í vinnuhóp 2: Harpa Stefánsdóttir SSV, Árný Halldórsdóttir aðstandandi, Rannveig Þorvaldsdóttir deildarstjóri sérkennslu GÍ, Sigurlína Jónasdóttir SFS, Anna Einarsdóttir SFS.

Staðan í dag:

- Barnavernd - fókussinn fyrst og fremst á barnið.
- Félagsþjónustan - fókussinn jafnt á barnið og fjölskylduna.
- Sérkennsluráðgjafi - fókussinn fyrst og fremst á barnið, foreldrar sem tengilliðir.
- SSV skilgreinir þjónustu við börn þó verið sé að aðstoða fjölskyldu, aðstandendur og aðra fagaðila er koma að umönnun barns.
- Leikskólafulltrúi er kallaður til um leið og grunur vaknar á leikskóla og er þá metin þörf fyrir frekari greiningu. Eins veitir hann ráðgjöf varðandi hegðunar erfiðleika og fleira.
- Þegar barn greinist með fötlun strax eftir fæðingu veitir SSV ráðgjöf til foreldra og síðan er reynt eftir fremsta megni að veita nauðsynlega eftirfylgni.

Staðan í dag skóli og heilsugæsla:

- Skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafar og deildarstjóri sérkennslumála reyna eftir fremsta megni að veita ráðgjöf til barna. Einnig veita þeir ráðgjöf til samstarfsaðila og aðstandenda.
- Heilsugæslan - á langt í land og víða er ekki nægilegt samstarf við aðra fagaðila. Fötluð börn ekki boðuð í t.d. 3 ára eða 5 ára skoðanir. Foreldrar þurfa að fara fram á þær sjálfir.
- Heilsugæslan hefur verið að bæta samband sitt við aðrar fagstéttir og er farin að taka meira mark á ábendingum bæði frá foreldrum og fagstéttum.
- Tilkynningaskyldu ábótavant hjá mörgum fagstéttum. Ítreka þarf að barnið njóti ávallt vafans.

Ráðgjafabjónusta:

- Efla þarf ráðgjafabjónustu.
- Sérstaklega hvað varðar réttindi barnsins, þjónustu og eins leiða foreldra áfram í hver séu réttindi barnsins og þá miðað við þroskaferil og aldur. Mikil og góð eftirfylgni í ráðgjöf.
- Efla þarf þjónustuna við börnin sjálf, gera þeim auðveldara að sækja sér ráðgjafar
- Efla þarf ráðgjöf við ungmenni þannig að þeir séu virkir þátttakendur og hafi eitthvað um ráðgjöfina að segja.
- Efla ráðgjöf við systkini fatlaðra barna.
- Efla þarf ráðgjöf í kynverund og kynfræðslu til barna og ungmenna með sértækar raskanir.
- Auka þarf ráðgjöf vegna hegðun og hegðunarerfiðleika.
- Auka þarf ráðgjöf inn á heimili og veita foreldrum stuðning til að takast á við slík mál.

Annað:

- Fá þroskajálfa inn í grunnskólann
- Því fleiri fagaðilar og meiri fjölbreytni, þeim mun betri þjónusta og þekking (mannauður).
- Fá utanaðkomandi aðila reglulega til þess að veita ráðgjöf t.d. til aðstandenda ef þeir eru óánægðir með þjónustuna t.d. Sjónarhóll.
- Auka fræðslu og námskeið fyrir foreldra, aðstandendur, fagaðila bæði með utanaðkomandi aðilum en einnig að nýta sérþekkingu sem til er á svæðinu.
- Auka teymisvinnu varðandi hegðunar erfiðleika barna innan skólans og til þess að reyna að fyrirbyggja að þau verði barnaverndarmál.
- Kynna sér reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá 28. Júní 2010

Niðurstaða hópsins:

Samþætta þjónustu við börn og gera hana heildstæðari. Öll þjónusta og ráðgjöf vegna barna verði undir sama sviði (sömu deild, sama deildarstjóra).

Vinnuhópur 3 - ráðgjöf fullorðinna

Vinnuhópur 3 hittist á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar þann 15. september 2010 kl. 13:00. Fundi lauk kl. 14:42. Ritari var Margrét Geirsdóttir.

Fulltrúar í vinnuhópnum: Sædís María Jónatansdóttir, Sigfríður Hallgrímsdóttir, Ása María Guðmundsdóttir, Auður Ólafsdóttir, Harpa Kristjánsdóttir og Margrét Geirsdóttir.

Sigfríður lagði áherslu á að sú ráðgjafarþjónusta sem veitt er fötluðum í dag verði veitt áfram eftir yfirfærslu. Hún sagði starf ráðgjafa þess eðlis að oft sé erfitt að henda reiður á því. Þegar heim er komið eftir vinnudag velti maður því fyrir sér hvað maður hafi verið að gera í vinnunni.

Ráðgjöf SVest skiptast í þrjá flokka:

1. Ráðgjöf til fólks með fötlun. Snýst um ráðgjöf um bein praktísk mál eins og fjármál og ráðgjöf sem snýr að fötluninni.
2. Ráðgjöf fyrir starfsmenn og forstöðumenn í búsetu og frekari liðveislu.
3. Ráðgjöf til annarra, t.d. aðstandenda, vinnustaða og skóla.

Ráðgjöf og stuðningur skarast oft. Þarf oft að veita fólki aðhald við athafnir daglegs lífs.

Aðstandendur þurfa oft ráðgjöf og meiri upplýsingar - vera með í ráðum. Hvert eiga aðstandendur að leita?

Á SFS er veitt ráðgjöf til allra þ.e. fatlaðir sækja ráðgjöf varðandi alla sömu þætti og ófatlaðir.

Veitt er ráðgjöf vegna skilnaðar, forræðismála, umgengni við börn, fjármála og öll önnur almenn félagsráðgjöf. Jafnframt er tekið við beiðnum frá sýslumanni um stöðu barna í forræðisdeilum og fleira. Skv. beiðnum frá Barnaverndarstofu eru gerðar úttektir á hæfi til að gerast stuðningsfjölskylda og gert mat á hæfi hjóna/sambúðarfólks til að gerast fósturforeldrar.

Harpa Kristjánsdóttir frá Starfsendurhæfingu Vestfjarða lagði áherslu á erfiðleika fólks sem stendur frammi fyrir atvinnumissi. Við það missi fólk hlutverk víðar en í vinnunni, t.d. inni á heimili. Fólk missi trúna á sjálft sig og sjálfstraustið hrynji. Sjálfstraust og sjálfsímynd skipta miklu máli.

Hópurinn leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

- Hlusta, ekki alltaf að gefa ráð.
- Tala af virðingu við fólk.
- Byggja á því sem fólk getur en ekki því sem það getur ekki.
- Reyna að temja sér samvinnu við önnur kerfi.

Hópurinn er sammála um mikilvægi teymisvinnu (félagsþjónusta - SVest - Starfsendurhæfing - Vesturafl – heimahjúkrun).

Hópurinn leggur áherslu á að SVest og SFS upplýsi starfsfólk sitt um breytingarnar sem framundan eru vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Hópurinn er sammála um að við yfirfærsluna myndist tækifæri sem nýta þurfi til góðs. Ísafjarðarbær er það lítið sveitarfélag að samvinna á að vera auðveld og þáttur í bættri þjónustu.

Hópur 4 - Vinnuhópur búseta

Fulltrúar í vinnuhópi 4: Anna Valgerður Einarsdóttir frá SFS, Maron Pétursson frá Hlíf, Valdís Bára Kristjánsdóttir starfsmaður SFS, Elín Jónsdóttir starfsmaður SSV, Hallgrímur Gunnþórsson SSV og Sigfríður Hallgrímsdóttir frá SSV og Falur Þorkelsson frá hagsmunasamtökum fatlaðra.

Hópurinn telur að búsetumál muni ekki breytast mikið við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélags. Það er mat hópsins að mikilvægt sé í þessum miklu breytingum sem felast í yfirfærslu málaflokksins að notendur þjónustunnar og starfsfólk búsetu finni sem minnst fyrir yfirfærslunni og þannig sé dregið úr óöryggi þeirra. Í dag er það einungis svæðisskrifstofa sem sér um búsetu (sólarhringsbúsetu) en búsetuþjónusta sveitarfélagsins félagsleg heimilisþjónusta og liðveisla er ekki veitt á sólarhringsgrunni. Þannig að ljóst er að um mjög sértæka þjónustu er að ræða og samþættingarmöguleikar ekki alveg ljósir að svo komnu máli.

Hópurinn telur mjög mikilvægt að sveitarfélagið móti sér metnaðarfulla stefnu í öllum málaflökknum, ekki síst búsetumálum, t.d. til næstu 10 ára. Við gerð slíkrar stefnu þarf að leggja mat á væntanlega þjónustuþörf á tímabilinu og leggja fram tillögur um hvernig henni skuli mætt. Yfirfærsla málaflokksins mun í mörgu tilliti einfalda útfærslu á þjónustunni og fækka flækjustigum. Við þessar breytingar er mikilvægt að horfa til tækifæra sem skapast en hópurinn telur að í yfirfærslunni felist mörg tækifæri til að gera góða þjónustu enn betri.

Hópur 5 - Atvinnumál fatlaðra

Fulltrúar í vinnuhópi 5: Ingibjörg Sólveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður Hvestu, Rannveig Hestnes, starfsmaður í Hvestu, Sædis María Jónatansdóttir SFS og Auður Ólafsdótti, starfsmaður í Vesturaflí. Fulltrúi frá Vinnumálastofnun komst ekki af óviðráðanlegum ástæðum.

Í dag veita eftirtaldir aðilar fötluðum þjónustu vegna atvinnumála:

- Vinnumálastofnun
- Hæfingarstöðin Hvesta
- Vesturafl
- Starfsendurhæfing Vestfjarða
- Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra
- Skóla- og fjölskylduskrifstofa

Hver eru helstu verkefni hvers þjónustuaðila?

- Vinnumálastofnun: Örorkuvinnusamningar, fólk sem fær greiddan örorkulífeyrir getur óskað eftir örorkuvinnusamningi fái það vinnu.
- Hæfingarstöðin Hvesta: er fyrir þá sem hafa ekki möguleika til að vinna á almennum vinnumarkaði vegna sinnar fötlunar. Hvesta er með 4,9 stg og er háð fjárlögum Alþingis.
- Vesturafl: Markmiðið að rjúfa félagslega einangrun og styðja fólk til annarra þjónustuaðila, s.s. til starfsendurhæfingar eða náms.
- Starfsendurhæfing Vestfjarða: Styður fólk til atvinnu eða náms
- Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra: Lögbundin þjónusta í stuðningi við fatlaða á atvinnumarkaði.
- Skóla- og fjölskylduskrifstofa: Veitir almenna ráðgjöf.

Í dag er ekki verið að uppfylla lagaskyldur hvað varðar atvinnumál fatlaðra. Verið er að endurskoða lög en þau úrræði sem í dag eru notuð eru ekki í nógildandi lögum. Stjórnun og ábyrgð á þessum málaflökki er dreifð á marga aðila og verður þar af leiðandi ómarkviss. Hópurinn sér fyrir sér atvinnufulltrúa eða atvinnuráðgjafa sem stafaði í nánnum tengslum við þjónustustofnanir fatlaðra, s.s. Svæðisskrifstofu/Skóla- og fjölskylduskrifstofu, Vesturafl, Starfsendurhæfingu Vestfjarða, Hvestu og

starfsbraut Menntaskólans á Ísafirði. Þessi atvinnuráðgjafi sæi um að taka við atvinnuumsóknum fatlaðra, sæi um að finna atvinnu fyrir fatlaða og kynningu fyrir atvinnulífínu. Hann hefði einnig yfirumsjón með Atvinnu með stuðningi.

Atvinnumál fatlaðra ættu að færast til Vinnumálastofnunar. Ef Vinnumálastofnun getur ekki tekið við atvinnumálum fatlaðra þá þarf að vera sérstakur atvinnuráðgjafi sem vinnur í nánnum tengslum við Vinnumálastofnun. Skýrir vinnuferlar eru mikilvægir. Minnka þarf áherslu á örorkubótakerfið en í dag er kerfið of bótahvetjandi.

Hópur 6 – Þjónusta við börn

Fulltrúar í vinnuhópi 6: Árný Halldórsdóttir, aðstandandi og meðlimur í Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum, Margrét Halldórsdóttir íþrótt- og tómstundafulltrúi, Ingibjörg Kjartansdóttir deildarstjóri heimaþjónustu og ferilþjónustu SFS og Harpa Stefánsdóttir ráðgjafaproskajálfi og forstöðuþroskajálfi SSV.

Hópurinn var sammála um eftirtalinn atriði:

- Hafa þjónustuna undir einu sviði (skóla- frístunda- og félagsþjónustu) fyrir börn og ungmenni.
- Hafa sviðstjóra/deildarstjóra/ráðgjafa sem er sérhæfður á sviði fötlunar.
- Þjónustan miðist út frá því að barnið sé ávallt í fyrsta sæti.
- Hverju barni sé mætt þar sem það er statt og tekið sé tillit til þess að sum börn þurfa þjónustu, t.d. í fríum, á hátíðardögum, skólastarfsdögum, sumarleyfum og fleira.
- Sum börn þurfa aðstoð við að sækja tómstundarúrræði, t.d. félagsmiðstöð, sumarleikjanámskeið, íþróttaiðkanir og fleira.
- Fjölskyldumiðuð þjónusta, t.d. við mannaáðningar og fleira.
- Meiri áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Öflug teymisvinna á milli ólíkra deilda innan félagsþjónustunnar.
- Faglegur ráðgjafi sem aðstoðar fólk með almenna ráðgjöf en er þeim einnig innan handar með upplýsingar og aðstoðar við pappírsvinnu.
- Áhersla á hagræði fyrir þá sem nýta sér þjónustuna að hvert barn, einstaklingur eða fjölskylda fái „þjónustufulltrúa“ eða ráðgjafa sem sjái um þeirra mál og fylgi þeim eftir.
- Gerðar verði heildstæðar þjónustuáætlanir fyrir börn og ungmenni sem síðan eru í samráði við börn/ungmenni og aðstandendur þeirra með reglulegu millibili.
- Kynna þjónustusamninga fyrir foreldrum og aðstandendum. Opna þá möguleika enn frekar.
- Efla nærþjónustu (þjónusta sem veitt er í umhverfi barnsins, t.d. á heimili og í frístundastarfi).
- Aukin þjónusta við börn og ungmenni sem hafa verið á svokölluðu „gráu svæði“, t.d. einstaklinga með ADHD, Tourette, þunglyndi, kvíðaraskanir eða aðrar geðraskanir.
- Aukin þjónusta við foreldra barna með sértækar þarfir (t.d. sálfræðiþjónusta, ráðgjöf inn á heimili, stuðningur við daglegt líf, s.s. heimilisþrif til þess að hægt sé að sinna barninu betur).
- Aukin þjónusta við systkini barna með sérþarfir (systkinasmiðja eða sálfræðiráðgjöf).
- Fá þroskajálfa inn í grunnskólana, sérstaklega Grunnskóla Ísafjarðar.
- Hvert barn sem þarf á sértæku úrræði að halda fái þjónustu við hæfi, t.d. einstaklingsnámskrá og áætlun fyrir skólaárið og skólaviðveru.
- Skólinn fylgi settum lögum í landinu og vinni skv. þeim, t.d. varðandi undirbúning þeirra sem þurfa á sértækri aðstoð að halda í framhaldsnámi, byrja á í 9. bekk.
- Auka faglega vinnu í grunnskólunum.
- Leikskólar sýni meiri metnað fyrir faglegu starfi.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun er fyrsti sáttmáli 21. aldarinnar. Vinna við sáttmálann stóð yfir í sex ár en umræða um hann hófst árið 1993.

Samkomulag um innihald sáttmálans náðist 13. desember 2006. Sáttmállinn var svo undirritaður árið 2007 af 117 ríkjum en það voru fleiri ríki en búist hafði verið við. Ísland var í hópi þeirra landa sem fyrst voru til að undirrita sáttmálann. Einnig undirritaði Ísland valfrjálsa bókun sem heimilar einstaklingum eða hópi einstaklinga sem telja sig þolendur brots á ákvæðum samningsins að kæra mál til alþjóðlegrar eftirlitsnefndar um framkvæmd samningsins, án tillits til þess hvaða flokki réttinda brotið tilheyrir.

Þann 30. mars 2010 höfðu 144 ríki undirritað samninginn og 82 ríki fullgilt hann og með því skulbundið sig að þjóðarétti að veita fötluðum einstaklingum þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Ísland hefur enn ekki fullgilt samninginn en nefnd á vegum -Félags- og tryggingamálaráðuneytis sem skipuð var árið 2008 skilaði af sér tillögum um fullgildingu samningsins í janúar 2010. Niðurstöður nefndarinnar og tillögur hennar um leiðir sem fara verður til að fullgilda samninginn munu hafa bein áhrif á þjónustu sveitafélaga við fólk með fötlun.

Samningurinn um réttindi fólks með fötlun

Samningurinn inniheldur bæði félagsleg, menningar- og borgaraleg réttindi. Hann inniheldur 50 greinar, þar af eru 30 um réttindi en 20 greinar eru um upplýsingaöflun, eftirlit og framkvæmd samningsins. Meðal þess sem samninguinn inniheldur er eftirfarandi:

Tilgangur sáttmálans er að efla vernd og tryggja að allir njóti sömu mannréttinda. Grundvallarviðmið sáttmálans eru:

- Virðing fyrir einstaklingnum og frelsi hans til að taka sjálfstæðar ákvarðanir
- Bann við mismunun
- Jöfn þátttaka og viðurkenning í samfélaginu
- Virðing fyrir mismunandi atgervi fólks og að fötlun sé hluti að margbreytileika mannkynsins
- Jöfn tækifæri
- Gott aðgengi
- Jafnrétti kynjanna meðal fatlaðra
- Virðing fyrir þroskastöðu fatlaðra barna og rétti þeirra til að varðveita eiginleika sinn
- Nauðsyn á að breyta ímynd
- Aðgengi þ.m.t að upplýsingum
- Aldrei má draga í efa réttinn til lífsins
- Lagaleg staða þar er ákvæði um að veita skuli aðstoð til að fólk geti farið með rétt sinn sjálfir. Einnig um eftirlit með þeim sem veita þeim fötluðu aðstoð sem ekki geta farið með rétt sinn
- Fötlun er aldrei réttlætning fyrir skerðingu frelsis. Ef skerða þarf frelsi sé það gert í samræði við lög og alþjóðlega mannréttindasáttmála
- Til að koma í veg fyrir misnotkun og ofbeldi skal aðbúnaður og þjónusta vera undir eftirliti sjálfsstæðra aðila.
- Öll þjónusta samfélagsins á að vera til staðar fyrir fatlaða jafnt og aðra og taka mið að þörfum þeirra

- Allir eiga rétt á að taka sjálfsstæðar ákvarðanir og ákveða hvernig þeir búa og með hverjum
- Rétturinn til ríkisfangs og rétturinn til að breyta því
- Allir eiga rétt á einstaklingsmiðaðri þjónustu sem hafi að markmiði að koma í veg fyrir aðskilnað og einangrun
- Réttinn til upplýsinga m.a. á auðskildu máli
- Friðhelgi einkalífs: Virða ber lögvarinn rétt til einkalífs, fjölskyldulífs, heimilislífs og samskipta
- Tryggja ber að fatlaðir eigi rétt á menntun án aðgreiningar á öllum skólastig sem býður uppá nám í gegnum lífið
- Fatlað fólk á rétt á atvinnu og launum á við aðra
- Fatlað fólk á rétt til jafnrar þátttöku á við aðra í menningarlífi og tómstundum
- Texti sáttmálans á að vera aðgengilegur fyrir fatlaða
- Upplýsingasöfnun í hverju landi til að auðvelda hverju þarf að breyta. Unnið í samvinnu við hagsmunasamtök fatlaðra
- Ríkin komi á sjálfstæðum hópi með þátttöku fatlaðra til að hafa eftirlit með framkvæmd
- Innan tveggja ára skila ríkin skýrslu til alþjólegu nefndarinnar um ástand og aðgerðir, síðan á fjögurra ára fresti. Fatlaðir og samtök þeirra koma að gerð skýrslunnar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.
- Alþjóðlega nefndin gerir athugasemdir og kemur á framfæri tilmælum, þau eiga líka vera aðgengileg almenningi.

Tillögur nefndar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Nefnd á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins um fullgildingu samningsins skilaði af sér eftirfarandi tillögum þann 12. janúar síðastliðinn.

1. Við næstu endurskoðun stjórnarskrárinnar verði bann við mismunun á grundvelli fötlunar tryggt sérstaklega.
2. Forsendur þess að Ísland uppfylli þau skilyrði sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda samninginn er að ráðist verði í heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Lagt er til að við þá endurskoðun verði heiti laganna breytt í *lög um réttindi fatlaðs fólks*. Slík endurskoðun er nauðsynleg til að uppfylla ákvæði:

1. og 2. gr. um lagalega skilgreiningu á hugtökunum fötlun, samskipti, tungumál, mismunun vegna fötlunar, viðeigandi aðlögun og hönnun fyrir alla (algild hönnun),

b) 4. gr. um samráðsskyldu stjórnvalda við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og upplýsingaskyldu varðandi hreyfibúnað, tæki og hjálpargögn, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu,

c) 5. gr. um viðeigandi aðlögun,

d) 7. gr. um aðgang fatlaðra barna að þjónustu sveitarfélaga og annarri nauðsynlegri þjónustu,

e) 9. gr. um jafnt aðgengi fatlaðs fólks, bæði að hinu efnislega umhverfi og upplýsingum,

f) 19. gr. um búsetu, rétt til að lifa sjálfstæðu lífi án aðgreiningar og rétt til persónulegrar aðstoðar,

g) 23. gr. um virðingu fyrir heimilis- og fjölskyldulífi,

h) 24. gr. um jafnan aðgang að almenna skólakerfinu og ákvæði um blindraletur, táknmál og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir í menntakerfinu,

i) 27. gr. um jafnan rétt til vinnu og að viðeigandi aðlögun fari fram á vinnustað,

j) 29. gr. um þátttöku í stjórnmálum og opinberu lífi,

k) 30. gr. um þátttöku í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi.

3. Auk endurskoðunar á lögum um málefni fatlaðra verði ráðist í aðrar lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að Ísland geti fullgilt samninginn:

Til þess að uppfylla ákvæði 5. gr. samningsins verði bann við mismunun gegn fötluðu fólki sérstaklega tryggt í almennum hegningarlögum, lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, stjórnýslulögum og lög um réttindi sjúklinga.

Til þess að uppfylla ákvæði 7., 18. og 23. gr. samningsins verði barnaverndarlög endurskoðuð þannig að það komi sérstaklega fram að þau nái líka til fatlaðra barna, að réttur fatlaðra barna til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra verði tryggður og að tryggt sé að geta fatlaðra foreldra sé metin með hliðsjón af þeim félagslega stuðningi sem þeir eiga rétt á.

Ákvæði vantar í barnaverndarlög um ákvarðanatöku, leyfisveitingar og eftirlit o.fl. þegar um er að ræða vistun fatlaðra barna á stofnunum sem ekki heyra undir barnaverndarlögum, sbr. 7. gr. samningsins.

Sett verði ákvæði í lög um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, þess efnis að miðstöðin annist merkingar á opinberum byggingum og þeirri aðstöðu sem almenningi er opin.

Til þess að uppfylla ákvæði 12., 13. og 14. gr. samningsins verði lög um sjálfræðissviptingu endurskoðuð, sbr. tillögur starfshóps félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem fjallaði um réttindagæslu. Setja þarf lög um þvingun og valdbeitingu og tryggja þannig að faglegt eftirlit sé með þeirri þjónustu sem fötluðu fólki er veitt.

Notendastýrð þjónusta verði lögfest í því skyni að uppfylla ákvæði 19. gr. samningsins. Íslenska táknmálið verði viðurkennt í því skyni að uppfylla ákvæði 21., 24. og 30 gr. samningsins. Textun verði löggilt, sbr. ákvæði 21. gr. samningsins. Löggilda þarf bæði textun og táknmálstúlkun almenns menningarefnis skv. 30. gr. samningsins. Kosningalöggjöf þarf að endurskoða til að hún uppfylli skyldur skv. 29. gr. samningsins.

4. Stofnað verði til samstarfshóps innan stjórnarráðsins sem færi yfir möguleika á stofnun innlendra þjóðbundinnar mannréttindastofnunar, sem uppfyllti Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna. Þannig yrðu ákvæði 33. gr. uppfyllt en slík stofnun gæti orðið sjálfstætt eftirlitskerfi til að efla, vernda og fylgjast með framkvæmd samningsins.

5. Verkefni til kynningar á stöðu fatlaðs fólks og eflingar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks
a. Félags- og tryggingamálaráðuneytið ásamt hagsmunasamtökum setji á fót verkefni um vitundarvakningu til þriggja ára í senn.

b. Almenn lífskjarakönnun meðal fatlaðs fólks verði unnin á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og þeirri vinnu fylgt eftir með ítarlegri skýrslugerð. Ráðuneytið vinni svo reglulegar skýrslur á fjögurra ára fresti.

c. Nefndin leggur til að samvinna verði höfð við Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.

6. Tillögur um úrbætur á stöðu fatlaðra barna

a. Félags- og tryggingamálaráðherra beini því til sveitarfélaga að taka til athugunar framboð sitt á frístundastarfi og annarri samfélagsþátttöku fyrir börn með það að markmiði að tryggja þjónustu án aðgreiningar fatlaðra og ófatlaðra barna.

b. Því er beint til Umboðsmanns barna að hann skoði sérstaklega stöðu fatlaðra barna og geri tillögur að hugsanlegum úrbótum.

1. Kallað verði eftir viðbrögðum frá starfshópi norrænu ráðherranefndarinnar um landamærahindranir um hvernig best verði tryggt að réttindi fatlaðs fólks til þjónustu flytjist auðveldlega milli Norðurlandanna.

2. Tillögur á sviði byggingamála, hönnunar og þróunar

a. Skipulags- og byggingarlög verði endurskoðuð í samræmi við ákvæði 9. gr. samningsins sem fjallar um aðgengi. Í tengslum við gerð lífshjálparáðgjafar þarf að gera lögbundnar ákveðnar lágmarksaðstæður í húsnæðismálum, svo

sem lágmarksfermetrafjöldi og sérbaðherbergi. Þannig verði skilyrði 28. gr. samningsins uppfyllt.

b. Því er beint til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að framkvæma eða stuðla að rannsóknnum og þróun á vörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu sem fara saman við algilda hönnun.

c. Nefndin leggur til að Framkvæmdasjóði fatlaðra, sbr. lög nr. 59/1992 og stjórnarnefnd hans verði falið að stuðla að hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum (9. gr).

9. Aðgerðir á sviði heilbrigðismála

a. Réttur fatlaðs fólks til að fá haldið frjósemi sinni til jafns við aðra skv. 23. gr. samningsins krefst þess að lög nr. 16/1938 verði felld alveg úr gildi.

b. Því er beint til Landlæknisembættisins að skerpa í samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks á upplýsingagjöf varðandi fóstureyðingar og litningafrávik.

c. Því er beint til Lýðheilsustöðvar að hún gangist fyrir markvissu átaki í kynfræðslu fatlaðs fólks, einkum þeirra sem njóta félagslegrar þjónustu vegna fötlunar sinnar

10. Félags- og tryggingamálaráðherra og dómsamálaráðherra skipi starfshóp sem geri tillögur að löggjöf og framkvæmd sem tryggja að ofbeldi, kynferðisleg misnotkun og auðgunarbrot sem framin eru af fötluðu fólki eða gegn fötluðu fólki verði ekki látin viðgangast án viðurlaga.

11. Mælt er til að mennta- og menningarmálaráðherra kalli eftir greinargerðum um hvaða verklagsreglur séu til staðar um nám fatlaðs fólks á framhalds- og háskólastigi.

12. Nefndin leggur til að félags- og tryggingamálaráðuneytið óski eftir viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga og samgönguráðuneytið um það með hvaða hætti tryggja megja í lögum rétt fatlaðs fólks til ferðaþjónustu sem samræmist kröfum 20. gr. samningsins.

13. Nefndin leggur til að lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, og reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis, nr. 935/2004, verði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda innflutning leiðsögu- og hjálparhunda og flutning þeirra milli landa.

Samantekt

Ljóst er að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun á eftir að hafa mikil áhrif á þjónustu sveitarfélaga. Samningurinn er tæki sem nota á í stefnumótun og skipulagi í þjónustu við fatlað fólk og nauðsynlegt er að nota hann nú þegar að þessi mikla breyting, sem yfirfærsla þjónustu við fatlað fólk frá ríki til Ísafjarðarbæjar er, stendur fyrir dyrum.